

## Jürgen Habermas. Nokkur aðalatriði speki hans með sérstakri skírskotun til heimspekisögu Skirbekk og Gilje.

Jürgen Habermas [f. 1929] er trúlega þekktastur þýskra samtímaspekinga. Hann hefur skrifað um samfélagsvísindi, heimspeki og lög. Verk hans eru ógnarlega tyrfin aflestrar. Hann nam m.a hjá Max Horkheimer og Theodor Adorno í Frankfurt, en þeir eru m.a. forsprakkar svonefndrar Frankfurtarstefnu í félagsfræði, þ.e. gagnrýnihugsun (kritische Theorie, critical theory), þar sem tvinnuð eru saman heimspeki og félagsvísindi. Áhersla er lögð á skilning og yfirvegum til vitundarvakningar og frelsis, svo að unnt sé að skapa skynsamlegt samfélag frjálsra þegna. Skynsemin eða rökhugsunin situr í fyrirrúmi gagnrýnnar. Þessi nálgun endurspeglast í rannsóknum og skrifum Habermas lengi vel. Hann vakti athygli á því, hvernig kjósendur hafa umbreytt í fjöldalýðræðinu í hálfgerða bjöllusauði, óvirk fórnarlömb voldugra hagsmunaafla samfélagsins. Því sundrast (mál)skilningur og samstaða. Á líkingamáli kallar Habermas þetta fyrirbæri „nýlenduæðingu.“ (Nýlenduvelðin trúðu eins og kunnugt er skilningi sínum og vísindum yfir höfuð nýlendnanna.) Habermas beindi einnig sjónum að tungumálinu og rökræðunni, leitaðist við að ákvarða hugtakið; „samhuglæg samskipti í máli.“ Einn þátta þess er svonefnd „kjöræðustaða,“ þ.e. eðlislæg hæfni mannsins til að gera sér grein fyrir stöðu sinni og stofna til samræðu. En það er þrautin þyngri eins flókið og mannlegt samfélag er orðið. Samræðusiðfræði er Habermas hugleikin. Einnig glímir hann við hugtök ein og alþjóðlega stjórnlagahyggju, hvernig móta megi lýðræðisleg réttarríki á grundvelli rökræðulýðræðisins. (Hliðsjón er m.a. höfð af:

<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=60743#pageextra1>)

Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999: „Habermas er einn helsti forsprakki Franfúrtarskólans sem svo er nefndur. Hann hafnar þó þeirri gegndarlausu gagnrýni og bölsýni sem einkennir fyrri kynslóð hugsuða af Frankfúrtarskólanum (til dæmis Adorno). Uppgjör Habermas við fyrirrennara sína birtist í því hvernig hann greinir milli mismunandi þekkingarhagsmuna.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 719.)

Tæknilegir þekkingarhagsmunir: „Maðurinn er háður samvinnu. Tungumálið mótast af viðleitni hans til að koma samvinnu á fót og sú viðleitni hefur verið þróuð enn frekar í þeim fræðum sem nefnd eru túlkunarvísindi, allt frá mannfræði til sagnfræði. Hér eru siðferðilegir þekkingarhagsmunir í húfi.

Að endingu er manningum þörf á að losna undan hugmyndum sem hefta hann og blekkja. Það gerir hann með því að beita gagnrýninni yfirvegum eins og á sér stað í sálgreiningu. Þetta eru frelsandi þekkingarhagsmunir. (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 719.)

„Hvað varðar aðferðir vísindanna þýðir þetta að Habermas telur að náttúran verði eingöngu rannsökuð með aðferð tilgátu og afleiðslu sem miðar að orsakaskýringum. Félagsleg fyrirbæri má hins vegar rannsaka bæði með aðferð tilgátu og afleiðslu og með aðferðum túlkunarfræðinnar. Í víðu sögulegu samhengi merkir þetta að Habermas vill sýna fram á að til sé skynsemi sem ekki stefnir að yfirráðum heldur getur þroskað hæfni manna til að öðlast gagnkvæman skilning.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 720.)

„Þegar sannleikans er leitað læra menn að stunda vísindalegar rannsóknir og yfirvegum á forsendum og aðferðum rannsóknarstarfsins. Varðandi siðferðilegar spurningar um réttlæti segir

Habermas hins vegar að rökræðan stefni að skynsamlegu samkomulagi þeirra sem hlut eiga að máli. Ef samkomulag næst í óþvinguðum og málefnalegum umræðum má líta svo á að svarið sé hið rétta....Þetta er eitt afbrigði þeirrar sannfæringar að til séu algild svör í siðferðismálum og að þau megi sannreyna með hjálp skynseminnar.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 722.)

„...rökhugsunin er ekki einkamál hvers og eins heldur er hún nokkurs konar samstarfsverkefni því að henni verður aðeins beitt í rökræðum. Auk þess er það einkenni hennar að hún er alltaf leitandi vegna þess að hún byggir ekki á ákveðnum kenningum eða viðhorfum heldur á sjálfri aðferðinni – að leita og gagnrýna. Það sem við teljum hverju sinni að sé satt eða rétt getur seinna reynst vera vafasamt. Sem skeikular mannverur ráðum við ekki yfir neinni aðferð, til þess að afhjúpa vitleysur og þokast áfram, sem tekur þessari fram. Þess vegna er aðferðin, það er að segja leitin, grundvöllur skynseminnar.

Í þessu samhengi leggur Habermas áherslu á að rökræður séu háðar ákveðnum skilyrðum: Sá sem tekur þátt í rökræðum verður að vera fær um að fylgja rökum. Menn verða að vera reiðubúnir til að „lúta valdi hinna betri raka“. Að auki verður hver um sig að viðurkenna að sérhver aðili að rökræðunni sé skyni gæddur og skeikull í senn – nógu skynsamur til að geta tekið þátt í rökræðunni og skeikull þannig að hann eigi eitthvað ólært. Sá sem veit allt getur uppfrætt aðra en ekki rökrætt; hann þarf ekki að ræða nein mál. Í þessari gagnkvæmu viðurkenningu er fólgið siðferðileg ákvæði um jafnræði. Með þessu er tekið fyrir eigingjarna og sjálfmiðaða afstöðu.

Að auki er gerð krafa um alhæfingu að því leyti að gild rök eru gild fyrir alla.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 723.)

„Nútíminn einkennist ekki aðeins af sérgreiningu og sundrunu heldur einnig af samstöðu um eina skynsemi, sem ekki stjórnast af neinu innihaldi heldur aðferðinni. Habermas er með öðrum orðum réttnefndur afkomandi upplýsingarinnar þótt hann sé laus við hina taumlausu bjartsýni sem löngum hefur einkennt upplýsingarmenn.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 724.)

„Habermas telur að efnahagur (peningar) og stjórnsmál (völd), sem hafa verið rökvaedd með tæknilegum aðgerðum og tækniviti, séu í þann veginn að leggja svið menningarinnar undir sig: Áhrif fjölmiðla, viðskipta og valdatafls stjórnsmálanna gætir æ meir á vettvangi samskipta og endurnýjunar, það er á svið menningar í félagsvísindalegum skilningi. Afleiðingar þessa þrýstings eru að menn tapa sjálfskennd sinni, siðferðið leysist upp og sameiginlegir túlkunarlyklar í menningunni glatast (sbr. „afhelgun veraldarinnar“ hjá Weber og „siðrof“ hjá Durkheim,...). Að dómi Habermas er mótsögnin milli „kerfis“ og „reynsluheims“, sem lúta hvor sinni rökvisi, alvarlegast gallinn í nútímasamfélagi.

„Reynsluheimurinn“ byggir á samræðuskynsemi, „kerfið“ á tækniviti. Báðir þessir hættir skynseminnar eru nauðsynlegir í réttum hlutföllum en valda vandræðum ef þeir fá að geysast fram „á útivelli.“ Að beita aðferðum „kerfisins“ til að leysa vandamál í „reynsluheiminum“ gerir vont verra. Þannig er grafið undan hinni sérstöku rökgerð „reynsluheimsins.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 724.)

